



Fréttabréf forseta

DKG

Styrkjum tengsl til framtíðar

Ágætu félagar

Nú er farið að birta og vorið að koma. Þá fer að stytast í landssambandsþingið. Menntanefndin undir forystu Ingibjargar Jóhannsdóttur hefur sett saman forvitnilega dagskrá sem ber yfirskriftina **Að vera tengdur - uppspretta skólaþróunar og skapandi leiða í námi.**

Félagskonur í Eta og Kappa ætla að vera með spennandi menningarlega dagskrá í lok þingsins og í kvöldverði okkar. Á sunnudeginum verður síðan aðalfundur með hefðbundnum aðalfundarstörfum. Dagskráin hefur verið birt á heimasíðunni okkar og skráning á þingið verður til 25.apríl n.k. Þið skráið ykkur með því að greiða uppsett gjald inn á reikning samtakanna. Kt. 491095-2379 reikn. nr. 546-26-2379

Sjá auglýsingu á heimasíðunni okkar. dkg.muna.is

Nýtt DKG NEWS

Tímaritið var að koma í hús og þar má sjá mikið af upplýsingum um Evrópuþingið í Borås, Svíþjóð. Ef þið hafið ekki fengið tímaritið þá þurfið þið að athuga heimilisfang ykkar hjá alþjóðasamtökunum og í félagatalinu okkar.



Lyklakippur og spil

Handunnar lyklakippur með merki DKG eftir listamanninn Philippe Ricart.

Þær kosta kr. 2000 og fást hjá Jensínu gjaldkera (gvjv@simnet.is). Lyklakippurnar verða einnig seldar á landssambandsþinginu í vor.

Á þinginu verða líka seld sérhönnuð spil sem stjórn landssambandsins hefur látið gera. Spilin verða seld á kr. 1000,- Munið eftir að taka með ykkur pening til að versla þessar skemmtilegu vörur.

Dagatal

9.-10.maí Landssambandsþing í Iðusal, Lækjargötu, Rvík.

5.-8.ágúst Evrópuþingið í Svíþjóð 5.– 8. ágúst og ég veit að konur eru nú þegar farnar að skipuleggja ferðalag þangað. Gaman væri að sjá stóran hóp frá Íslandi í Borås. Ég hvet ykkur til að fara inn á síðu þingsins <http://erc2015.weebly.com/> Skráning er hafin og samræður hafa verið undanfarið á FB síðunni okkar um ráðstefnuna. Þegar þið skráið ykkur notið þið Member ID og svo lykilorðið dkg2014society

7.nóv. 40 ára afmæli DKG á Íslandi, með stofnun Alfadeildar 1975skoða dagskrána, hótél o.fl.

Félagatalið

Mikilvægt er að senda allar breytingar á félagatali til félaganefndar og Eyglóar (elinborg27@gmail.com/eyglob@unak.is)

Ég hef verið að heimsækja deildir undanfarnar vikur og það hefur verið einstaklega skemmtilegt að vera með ykkur á fundunum. Dagskráin hefur verið mjög fjölbreytt og fræðandi og alltaf hefur gleði og vinátta verið ríkjandi. Ég er að verða búin að heimsækja allar deildir á þessu tveggja ára tímabili og ætla að reyna að ljúka yfirferðinni á vordögum.

Aðalfundur— landssambandsþing

9. og 10. maí 2015.

Ég hlakka til að hitta ykkur allar.

Bestu kveðjur

Guðbjörg,

forseti DKG